

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA <sup>Alþingi</sup>

Erindi nr. P 140/1123  
komudagur 21.2.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. febrúar 2012

1112001HA MKH/  
Málalykill: 613

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375 mál

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var föstudaginn 17. febrúar sl. var lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. febrúar 2012, með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál - þskj. 451. Eftirfarandi umsögn var samþykkt samhljóða:

*Stjórn Hafnasambands Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál - þskj. 451. Stjórn hafnasambandsins gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:*

### Um 7. gr. frumvarpsins:

*Í lokasetningu 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins hefur textinn „eftir því sem fé fæst til á fjárlögum“ verið felldur brott úr gildandi lögum.*

*Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir um 7. gr. í lokasetningu 3. mgr. „Þá er lagt til að Umhverfisstofnun geti í samráði við mengunarvarnaráð hafna, eftir því sem fé fæst til á fjárlögum, ákveðið uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins“.*

*Þarna virðist sem umræddur texti hafi fallið brott við prentun frumvarpsins.*

*Það er tillaga Hafnasambands Íslands að „eftir því sem fé fæst til á fjárlögum“ verði bætt inn í frumvarpið að nýju.*

*Einnig er lagt til að inn í frumvarpið verði bætt ákvæði um að ríkissjóður standi straum af sértækum mengunarvarnabúnaði neyðarhafna, samanber „Greinargerð og tillögur starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdrepp á Íslandi - Tillögur til samgönguráðherra að skipulagi neyðarhafna og skipaafdreppa á Íslandi“, frá apríl 2008.*

### Skýringar:

Rökin eru að styrkhæfar hafnir verði styrktar til að koma sér upp mengunarvarnabúnaði og til að endurnýja úreltan mengunarvarnabúnað á sama hátt og er með slysavarnarbúnað hafna.

Í greinargerð og tillögum starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdrepp á Íslandi og tillögum til samgönguráðherra að skipulagi neyðarhafna og skipaafdreppa á Íslandi, frá apríl 2008, er meðal annars ritað:

„3. Sértækur mengunarvarnabúnaður vegna neyðarhafna og skipaafdreppa.

Nefndin leggur til að aflað verði mengunarvarnabúnaðar sem verði tiltækur við mengunarslys utan hafna og við stærri mengunaráhöpp í neyðarhöfnum og skipaafdreppum. Nefndin leggur til að ríkissjóður standi straum af öllum kostnaði við

kaup og rekstur á þessum búnaði. Ennfremur leggur nefndin til að Umhverfisstofnun beri ábyrgð á umræddum búnaði.

4. Kostnaður vegna mengunarvarna sem hlýst af notkun hafnar sem neyðarhafnar.

Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun stýri viðbúnaði og viðbrögðum við bráðamengun þegar starfað er eftir neyðarhafnaskipulagi í neyðarhöfn. Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun ábyrgist greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af þeim aðgerðum sem gripið er til samkvæmt fyrirætlum hennar."

Um 8. gr. frumvarpsins:

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

*„Höfnum landsins er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi, sem nemur kostnaði við starfsemi á vegum hafnanna vegna mengunar innan hafnar svæða, samkvæmt gjaldskrá hverrar hafnar. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í tvö ár í viðkomandi skipi eða fasteign“.*

Inn í 2. mgr. 21. gr. laganna bætist eftirfarandi:

*Inn í textann „Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar (og við bætist) og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun“.*

*Í stað textans „Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og ferðakostnaði hans“ komi textinn „Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar“.*

Skýringar:

Ein megin rökin fyrir setningu hafnalaga, nr. 61/2003 með síðari breytingum, voru þau að ráðherra væri óheimilt að setja höfnum landsins samræmdar gjaldskrár. Eðlilegast er því að hafnir setji sjálfar ákvæði í gjaldskrár sínar um innheimtu kostnaðar við aðgerðir vegna mengunar á hafnasvæðum.


Þegar kemur að þætti Umhverfisstofnunar eða annarra ríkisstofnana er eðlilegt að ráðuneyti viðkomandi stofnunar setji henni gjaldskrá að fenginni tillögu stofnunarinnar.

Það að bera tillögur Umhverfisstofnunar um gjaldskrá til handa stofnuninni undir Samband íslenskra sveitarfélaga lýtur að þeim þætti sem snýr að samskiptum Umhverfisstofnunar og hafnanna.

Að tryggja gjöld með lögveðsrétti í tvö ár er í samræmi við lögveðsrétt skipagjalda, samkvæmt hafnalögum.

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri við háttvirta umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Nánari upplýsingar veitir Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar.

Virðingarfyllt  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson  
starfsmaður HÍ



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og samgöngusvið

Austurstræti 8-12  
Umhverfisnefnd Alþingis  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. þ 140/1408  
komudagur 2.3.2012

Reykjavík, 2. mars 2012  
Tilvísun: 2012030007

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á iögum nr. um varnir gegn mengun hafs og stranda þjsk. 451, mál nr. 375

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. um varnir gegn mengun hafs og stranda þjsk. 451, mál nr. 375. Að mati HER hefur ekki verið hugað nægjanlega vel að því að gæta samræmis við önnur lög lagafrumvörp og reglugerðir við gerð þessa frumvarps t.d. hvað varðar 4. og 5. gr. frumvarpsins.

### Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

**3. gr. frv.:** Hér segir m.a.: "Hafnasamband Íslands skal tilnefna þrjá fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera heilbrigðisfulltrúi. Þeir sem tilnefna fulltrúa í mengunarvarnarráð skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í ráðinu." HER leggur til að við fyrri setninguna verði bætt, *starfandi* heilbrigðisfulltrúi. Einnig leggir HER til að lokamálsliður 1. mgr. 3. gr. hljóði: "Kostnaður við starfsemi mengunarvarnarráðs greiðist úr ríkissjóði."

### 4. og 5. gr. frv.:


Að mati HER er mikilvægt að hér sé samræmi við ákvæði annarra laga reglugerða er varða mengunarvarnir og umhverfisábyrgð. Hér vantar alveg að nefna tilkynningarskyldu til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. HER minnir á að heilbrigðiseftirlitin vinna daglega fyrirbyggjandi vinnu til að stuðla að verndun umhverfisins og koma í veg fyrir tjón með rannsóknunum, eftirliti, úrbótakröfum og eftirfylgni. Mengunaróhöpp á landi skal tilkynna til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir. Við slík óhöpp eru heilbrigðiseftirlitin viðbragðsaðilar og beita kröfum og þvingunarúrræðum sbr. hlutverk þeirra sem skilgreint er í lögum og reglugerðum.

Í 5 gr. lið b. segir m.a.: "Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eða öðrum aðilum í umboði stofnunarinnar umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar." Ekki kemur fram hvort að í slíku framsali felist vald til að beita þvingunarúrræðum.

### 6. gr. frv.:

Að mati HER þarf að bæta við í a. 2. mgr. og að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og ráðgjafaraðila.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

  
Kristín L. Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



Umhverfis- og samgöngusvið hefur  
vottað umhverfisstjórnunarkerfi í  
samræmi við staðalinn ISO 14001

Borgartún 12 - 14  
105 Reykjavík  
Sími 411 1111  
Fax 411 8505  
www.umhverfissvid.is



Nefndasviðs Alþingis  
Umhverfis og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

LHG/023/9,6/DS/sig  
Reykjavík 1. mars 2012

**Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnaráð hafna og bráðamengun), þingskjal 451 — 375. mál.**

Landhelgisgæslan er sammála frumvarpinu í meginatriðum. Þó vill Landhelgisgæslan gera athugasemdir við breytingu á 19. gr. laganna. Í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 segir í 2. mgr. 19. gr.:

**19. gr. Mengunarvarnabúnaður.**

2. mgr. Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Stofnunin ákveður í samráði við viðkomandi svæðisráð, eftir því sem fé fæst til í fjárlögum, uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

Í frumvarpinu er þessi setning tekin út, þ.e. varðandi mengunarvarnabúnað um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands. Ekki er útskýrt í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna ákveðið hefur verið að breyta þessu.

Í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006, var ákveðið að gefa fagráðuneytum tækifæri til að hafa áhrif á ýmsa þætti í starfsemi Landhelgisgæslunnar sem falla undir þeirra svið. Það var gert með því að setja inn heimildir í 5. gr. til að gera þjónustusamninga, m.a. í 4. tl. 1. mgr. um mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu. Í skýringum við 4. og 5. gr. laganna segir m.a.:

Í 4. tölul. 5. gr. eru mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu talin sem samningsbundin þjónustuverkefni LHG. Sama gildir um sprengjueyðingu og hreinsun skotæfingasvæða í 5. tölul. Verkefni þessi, sem meðal annars ná til varnarliðssvæða, eru ekki nefnd í núgildandi lögum en LHG sinnir þeim í reynd. Með því að telja mengunarvarnir upp sem þjónustubundið verkefni er fagráðuneyti á þessu sviði gert kleift að hafa áhrif á umfang eftirlitsins og jafnvel þann búnað sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða til að bregðast við mengun. Almennu mengunareftirliti verður eftir sem áður sinnt sem hluta af almennri löggæslu.

Landhelgisgæslan leggur því til að Umhverfisstofnun muni áfram, í samráði við Umhverfissráðuneyti, geta stuðlað að því að mengunarvarnabúnaður í varðskipum Landhelgisgæslunnar sé í samræmi við nútíma kröfur og að ákvæði 19. gr. standi óbreytt hvað þann þátt varðar.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur



28. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**EFNI:** Umsögn við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnarráð hafna og bráðamengun) – 375. mál.

Umsögn stjórnar Landverndar um frumvarpið fer hér á eftir:

1. Það er til bóta að setja inn nýja grein í lögin, sbr. 4. gr. frumvarpsins, um tilkynningaskyldu varðandi bráðamengun.
2. Þegar kemur að bráðamengun í höfnum er hlutverk mismunandi aðila (Umhverfisstofnunar, hafnarstjóra, heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa) ljóst. Í frumvarpinu er Umhverfisstofnun gert að annast viðeigandi ráðstafanir utan hafnarsvæða samkvæmt viðbragðsáætlun (sjá 5. gr. frumvarps). UST getur farið fram á að heilbrigðisnefnd kanni aðstæður og sjái um aðgerðir. Það er hins vegar ekki fyllilega ljóst þegar kemur að olíuslysum á úthöfum hvaða aðila UST getur kallað til, þ.e.a.s. hver þeirra eigi að sinna viðkomandi hafssvæði. Þetta þyrfti að skýra betur í lögnum eða í reglugerð.
3. Að mati Landverndar er mikilvægt að huga að lögum og reglum er varða olíuleit og olíuvinnslu. Núgildandi lög og frumvarp til breytinga á þeim tekur ekki vel á olíuleit og olíuvinnslu á hafi úti, hvorki hvað varðar möguleg slys né úrgangsefni (sjá m.a. viðauka I í núverandi lögum). Nærtækt dæmi er Drekasvæðið og mikilvægt er að hafa skýran lagaramma áður en byrjað verður að leita á svæðinu og nýta það, verði yfirhöfuð farið út í slíkt, sem vissulega má setja stórt spurningarmerki við. Hægt er að fara tvær leiðir, annaðhvort að lög og reglur er lúta að olíuleit og olíuvinnslu heyrir undir lög um varnir gegn mengun hafs og stranda eða að sett verði sérlög/reglugerð er lúta að þessum þáttum. Hér verður bent á nokkur atriði sem hafa þarf í huga í þessu sambandi, en ekki er um tæmandi lista að ræða:
  - a. Ekki verður séð á núgildandi lögum að bannað sé að setja jarðefni úr olíuleit á sjávarbotn, en mengunarhætta getur fylgt slíku. Þess skal geta að mikið getur verið um PAH sambönd í olíunni, en þau eru fjölhringa arómatísk kolvetni sem byggja á samtengdum bensenhringjum og eru hættuleg lífverum, sum eitruð og önnur geta verið krabbameinsvaldandi.

- b. Ákvæði um hlutdeild olíu í vatni sem leyfilegt er að dæla út eru samkvæmt gildandi lögum 15 af 1.000.000. Þetta atriði mætti skoða nánar, bæði út frá hlutfallinu en einnig út frá samsetningu olíunnar sem þannig er dælt út. Olía er hér ekki frekar skilgreind, en t.d. hráolía og notuð olía geta innihaldið mikið af PAH samböndum.
  - c. Skýrt þarf að vera kveðið á um eftirlit með olíusamböndum sem koma frá borpöllum (krónísk mengun).
  - d. Mengunarvarnarbúnaður, s.s. girðingar ef slys verða, þarf að vera skilgreindur svo og hver á að útvega slíkt (olíuborunarfyrtæki eða Landhelgisgæslan).
  - e. Skilgreina þarf viðmið til að nota til að meta hvort hættu sé afstýrt af stórum olíuflekkjum á úthafinu?
  - f. Skilgreina þarf möguleika og leiðir stjórnvalda til að grípa inn í þegar stórslys verða, og hvaða aðilar bera þar ábyrgð (Landhelgisgæslan, Umhverfisstofnun o.s.frv.?)
  - g. Auk þessa þarf nauðsynlega að vera til viðbragðsáætlanir og/eða aðgerðaráætlanir vegna mengunar sem komið getur til vegna olíuleitar og olíuvinnslu, þvingunarúrræði og refsiviðurlög.
4. Landvernd gerir athugasemd við það að hvergi skuli vera nefnd viðmið fyrir mismunandi mengunarefni eða gert ráð fyrir að slík viðmið séu sett í reglugerð. Fordæmi fyrir slíku eru vel þekkt, t.d. fyrir loftmengun.

Fyrir hönd Landverndar,

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Framkvæmdastjóri Landverndar.

Alþingi  
Erindi nr. P 149/1243  
komudagur 29.2.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. febrúar 2012  
2012020006/42-1-1  
TB  
jgo/tb

**Efni: frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál.**


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson





Alþingi  
Erindi nr. P 140/984  
komudagur 10.2.2012

Reykjavík, 6. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda**

Með tölvupósti dags 6. febrúar, var Ólíudreifing ehf beðin um að veita umsögn um 375. mál 140. löggjafarþings, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnaráð hafna og bráðamengun).

Almennt séð er ástæða til að fagna frumvarpinu, sem felur í sér einföldun á kerfi sem aldrei hefur virkað eins og ætlast var til og telur félagið að stofnun eins mengunarvarnaráðs hafna fyrir allt landið sé líklegra til árangurs.

Félagið telur þó ástæðu til að gera athugasemd við að fulltrúar mengandi starfsemi og siglinga skuli ekki eiga aðild að ráðinu. Mætti hugsa sér að fulltrúi Samtaka Atvinnulífsins, SA, myndi gegna slíku hlutverki. Á sama hátt mætti færa rök fyrir því að náttúruverndarsamtök ættu einnig að eiga einn fulltrúa í ráðinu.

Eins virðist við samningu þessa frumvarps, eins og yfirleitt, gleymast að fleiri aðilar en sveitarstjórnir sem sameinast í Hafnarsambandi Íslands, reki hafnir. Þar á meðal Ólíudreifing, sem rekur höfnina að Litla-Sandi í Hvalfirði, ásamt Hval hf.

Væri eðlilegt að slíkir aðilar ættu einnig fulltrúa í ráðinu. Mætti hugsa sér að fulltrúi SA í ráðinu væri fulltrúi þessara hagsmuna.

Í frumvarpinu er fjallað um viðbragðsáætlanir hafna. Telur félagið rétt að í lögnum sé Umhverfisstofnun skylduð til að gefa út fyrirmynd að viðbragðsáætlun, svo hver höfn sé ekki að finna upp sitt eigið form með mismunandi árangri og hættu á misræmi milli hafna í viðbúnaði og viðbragði.

Eðlilegt væri einnig að Umhverfisstofnun sjái um birtingu viðbragðsáætlana á vef sínum, svo aðilar geti lært bestu síði og lausnir hver af öðrum.

Eins ætti að setja skylduna á tilkynningu á mengunaróhöppum á sjó til vaktstöðvar siglinga.

Að lokum er rétt að ítreka að umrætt frumvarp er framfaraskref og vonar að nægjanlegir fjármunir muni fylgja þeim breytingum sem um ræðir.

Virðingarfyllt  
f.h. Ólíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Afrit

Ólíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999





Alþingi  
Erindi nr. P 140/1052  
komudagur 16.2.2012

Reykjavík, 15. febrúar 2012

Nefndasvið Alþingis,  
Umhverfis- og samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál til umsagnar**

Við vísum í tölvupóst 6. febrúar sl. þar sem Olíuverzlun Íslands hf. var sent umrætt frumvarp til umsagnar.

Olíudreifing ehf., sem er dótturfyrirtæki Olís, og sér um birgðahald og dreifingu á eldsneyti fyrir félagið, hefur þegar sent inn umsögn um frumvarpið í bréfi dags. 6. febrúar sl.

Olíuverzlun Íslands hf. styður framkomna umsögn Olíudreifingar ehf.

Virðingarfyllt,  
Olíuverzlun Íslands hf.

Einar Benediktsson, forstjóri

Meðfylgjandi afrit af bréfi Olíudreifingar dags. 6. febr. 2012.

Reykjavík, 6. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda**

Með tölvupósti dags 6. febrúar, var Ólíudreifing ehf beðin um að veita umsögn um 375. mál 140. löggjafarþings, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnaráð hafna og bráðamengun).

Almennt séð er ástæða til að fagna frumvarpinu, sem felur í sér einföldun á kerfi sem aldrei hefur virkað eins og ætlast var til og telur félagið að stofnun eins mengunarvarnaráðs fyrir allt landið sé líklegra til árangurs.

Félagið telur þó ástæðu til að gera athugasemd við að fulltrúar mengandi starfsemi og siglinga skuli ekki eiga aðild að mengunarvarnaráði hafna. Mætti hugsa sér að fulltrúi Samtaka Atvinnulífsins, SA, myndi gegna slíku hlutverki. Á sama hátt mætti færa rök fyrir því að náttúruverndarsamtök ættu einnig að eiga einn fulltrúa í mengunarvarnaráði hafna.

Eins virðist við samningu þessa frumvarps, eins og yfirleitt, gleymast að fleiri aðilar en sveitarstjórnir sem sameinast í Hafnarsambandi Íslands, reki hafnir. Þar á meðal Ólíudreifing, sem rekur höfnina að Litla-Sandi í Hvalfirði, ásamt Hval hf.

Væri eðlilegt að slíkir aðilar ættu einnig fulltrúa í mengunarvarnaráði hafna. Mætti hugsa sér að fulltrúi SA í mengunarvarnaráði hafna væri einnig fulltrúi þessara hagsmuna.

Í frumvarpinu er fjallað um viðbragðsáætlanir hafna. Telur félagið rétt að í lögnum sé Umhverfisstofnun skylduð til að gefa út fyrirmynd að viðbragðsáætlun, svo hver höfn sé ekki að finna upp sitt eigið form með mismunandi árangri og hættu á misræmi milli hafna í viðbúnaði og viðbragði.

Eðlilegt væri einnig að Umhverfisstofnun sjái um birtingu viðbragðsáætlunana á vef sínum, svo aðilar geti lært bestu siði og lausnir hver af öðrum.

Eins ætti að setja skylduna á tilkynningu á mengunaróhöppum á sjó til vaktstöðvar siglinga.

Að lokum er rétt að ítreka að umrætt frumvarp er framfaraskref og vonar að nægjanlegir fjármunir muni fylgja þeim breytingum sem um ræðir.

Virðingarfyllt  
f.h. Ólíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Afrit

-



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1168*  
*komudagur 24.2.2012*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b/t umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2012

1111034SA GB  
Málalykill: 386

### **Efni: Umsögn um frv. til br. á l. um varnir hafs og stranda, 375. mál**

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. febrúar 2012, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

#### **Almennt um frumvarpið**

Frumvarpið er unnið á grundvelli tillagna Hafnasambands Íslands um breytt skipulag um viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun í höfnum. Mælt er fyrir um niðurlagningu svæðisráða og að þess í stað verði stofnað mengunarvarnaráð hafna sem er ætlað að gegna hlutverki samráðsvettvangs allra hafna á landinu við Umhverfisstofnun um mengunarvarnir hafna. Að áliti sambandsins mun þessi breyting auðvelda yfirsýn um mengunarvarnamál hafna og leiða til aukinnar skilvirkni hvað varðar viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um heimild hafna til þess að eiga og reka saman mengunarvarnabúnað. Verður að telja ótvírætt hagræði af þeirri heimild enda getur þessi búnaður væntanlega verið mjög dýr.

Samband íslenskra sveitarfélaga átti nokkra aðkomu að málinu á fyrri stigum og gerir sambandið eingöngu óverulegar athugasemdir við frumvarpið.

#### **Um 3. gr.**

Gert er ráð fyrir að tilnefningaraðilar beri hver sinn kostnað vegna tilnefninga í mengunarvarnaráð hafna. Í tilviki Sambands íslenskra sveitarfélaga er um að ræða einn fulltrúa sem skv. 3. gr. frumvarpsins skal vera heilbrigðisfulltrúi. Sambandið væntir þess að átt sé við að viðkomandi sé starfandi heilbrigðisfulltrúi á einhverju af alls tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu. Tekið skal fram að sambandið hefur staðfastlega hafnað því að bera kostnað vegna þóknunar og ferðakostnaðar fulltrúa sem það tilnefnir í ráðherraskipaðar nefndir. Það á einnig við um mengunarvarnaráð hafna en ef að líkum lætur mun sambandið í þessu tilviki geta tilnefnt fulltrúa sem getur sinnt þessu verkefni án þess að sérstakur kostnaður hljóti af.

Sambandið leggur engu að síður til þá breytingu að tekið verði fram í greininni að ríkissjóður greiði kostnað af starfsemi ráðsins, líkt og gildir um nánast öll sambærileg ráð og nefndir. Með því ætti að vera tryggt að allir fulltrúar í mengunarvarnaráði hafna njóti jafnræðis um fundasókn, hvaðan af landinu sem þeir koma, í stað þess að þeir fulltrúar sem lengst þurfa að sækja fundi þurfi að bera sinn ferðakostnað sjálfir. Þótt það sé vissulega rétt að heildarkostnaður hafna lækki eitthvað við það að svæðisráðin eru lögð niður hlýtur sá sparnaður að dreifast mjög ójafnt vegna þess hve ferðakostnaður er



mismunandi hár. Skal m.a. bent á að Hafnasamband Íslands á ekki neina sjóði til að standa straum af kostnaði við tilnefningu sinna þriggja fulltrúa.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

*Lagt er til lokamálsliður 1. mgr. 3. gr. hljóði svo: Kostnaður við starfsemi mengunarvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.*

#### **Um 4. og 5. gr.**

Að áliti sambandsins er mikilvægt að huga að samræmi við aðra löggjöf sem varðar mengunarvarnir og umhverfisábyrgð. Í því sambandi skal bent á að ekki er minnst á tilkynningarskyldu til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í 4. gr. frv.

Í b-lið 5. gr. er tekið fram að Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar en ekki er tekið fram hvort í slíku framsali felist vald til þess að taka ákvarðanir um þvingunarúrræði. Nauðsynlegt er að skýra þetta atriði frekar í frumvarpinu.

#### **Um 7. gr.**

Sambandið tekur eindregið undir ábendingu í umsögn Hafnasambands Íslands, þess efnis að orðin „eftir því sem fé fæst til á fjárlögum“ bætist við 2. mgr. 7. gr. Virðist þessi texti, sem er að finna í gildandi lögum, hafa fallið brott úr frumvarpinu fyrir mistök. Við gerð frumvarpsins var gert ráð fyrir því að styrkhæfar hafnir gætu fengið styrki til að koma sér upp mengunarvarnabúnaði á sama hátt og gildir um slysavarnabúnað hafna.

#### **Um 8. gr.**

Nauðsynlegt er að gera meiri breytingar á 21. gr. gildandi laga en lagt er til í frumvarpinu. Sambandið tekur eindregið undir tillögur Hafnasambands Íslands um að gerð verði sú breyting á 1. mgr. 21. gr. að hver höfn setji sér gjaldskrá vegna mengunarvarna en telur þó að skoða megi þann möguleika að í stað þess að um þetta gildi sérstök gjaldskrá verði gjaldtaka fyrir mengunarvarnir hluti af almennum gjaldskrám hafna. Sambandið er einnig sammála því að lögveðsréttur vegna slíkra krafna verði lengdur úr einu ári í tvö, sem er hið almenna viðmið í ákvæðum laga um lögveðsrétt.

Sambandið tekur einnig undir tillögu Hafnasambands Íslands um að í 1. másl. 2. mgr. 21. gr. bætist orðin „og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga“ á eftir orðunum „að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.“

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1266**  
**komudagur 29.2.2012**

Reykjavík, 29. febrúar 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnaráð hafna og bráðamengun), 375. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna og SVP – Samtök verslunar og þjónustu skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta.

Samtökin telja að eitt mengunarvarnaráð hafna fyrir allt landið sé líklegra til árangurs en núverandi kerfi sem ekki hefur virkað eins og ætlast var til.


Samtökin telja nauðsynlegt að SA tilnefni fulltrúa í mengunarvarnaráð. Bæði er að í atvinnulífinu býr mikil þekking og reynsla til að takast á við mengunarmál og eins eru ekki allar hafnir í eigu sveitarfélaga. Sjónarmið fulltrúa fyrirtækja eiga fullt erindi við ráðið. Mengunarvarnaráð yrði þá samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar, hafna og atvinnulífs.

Æskilegt er að tekið verði fram að Umhverfisstofnun gefi út fyrirmynd að viðbragðsáætlun þar sem tekið sé mið af mismunandi áhættu og þannig dregið úr misræmi milli hafna um viðbúnað og viðbrögð. Einnig er nauðsynlegt að þessar áætlanir verði birtar á sameiginlegum vef t.d. Umhverfisstofnunar þannig að fyrirtækin viti að hverju þau ganga verði slys eða óhapp og einnig svo miðlað sé lausnum á tilteknum vandamálum.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 29.02.2012  
Tilv. 298/2006 - 020  
HJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um br. á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, frá 6. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um br. á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál.

Siglingastofnun telur mikilvægt að gæta samræmis í lagasetningu og brýnt sé orðið að einfalda stjórnábyrgð í umhverfismálum sjávar. Í því efni vill stofnunin vísa til umsagnar sinnar vegna frv. til laga um Farsýsluna, stjórnábyrgðstofnun samgöngumála og Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, sem lögð eru fram af innanríkisráðherra:

Í frumvarpi sem umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi er kveðið á um að setja á fót **menningarvarnaráð hafna**, en í þessum frumvörpum er lagt til að leggja hafnaráð niður. Hér er verið að flækja stjórnábyrgð umhverfismála sjávar enn frekar í stað þess að fella þann málaflokk nýrri Stofnun hafs og stranda sem færi m.a. með umhverfismál sjávar, en með því væru þau mál komin á einn stað. Þau mál eru nú á hendi margra ráðuneyta og margra undirstofnana og samræmingu skortir.

Ef umrædd frumvörp verða að lögum munu málefni siglinga, öryggi sjófarenda og menningarvarnir sjávar deilast niður á enn fleiri stofnanir en raunin er í dag og málaflokkurinn veikjast faglega. Lögð er áhersla á að litið verði til þess, hvernig alþjóðasamfélagið og nágrannalönd raða þessum verkefnum niður á stofnanir. Raunhæft dæmi er að lita til strands Goðafoss í Noregi, hvernig aðgerðum er stýrt þar og hvernig yrði tekið á sambærilegu atviki hér miðað við nýja stofnanaskipan.

**Mengunarvarnaráð hafna:**

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði á fót **menningarvarnaráð hafna**. Í þessu samhengi vill Siglingastofnun benda á að í frumvarpi til laga um Farsýsluna, stjórnábyrgðstofnun samgöngumála er lagt til að fella niður **hafnaráð** og siglingaráð sem hafa verið starfandi um áratugi, en í athugasemdum með 3. gr. þess frumvarps segir:

“Með ákvæðinu eru felld niður ákvæði gildandi laga um hafnaráð og siglingaráð skv. 4. og 6. gr. laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6 frá 1996, sem og flugráð skv. 3. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Eftir sem áður er það grundvallaratriði að stofnunin hafi traust samráð og samvinnu við stofnanir, hagsmunaaðila og almenning um þau verkefni sem henni eru falin. Um það fjallar 1. mgr. greinarinnar. Er gert ráð fyrir að stofnunin hafi rúmar heimildir til að haga þessu samráði eftir því sem best þykir henta, t.d. með starfandi faghópum sem fylgjast með og fjalla um þróun mála á tilteknum sviðum, í þeim tilgangi að opna fyrir betri aðkomu þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum málaflokkum. **Í stað þess fyrirkomulags sem nú er, með**

lögbundnum ráðum á einstökum starfssviðum, er lagt til í 2. mgr. að ráðherra geti skipað fagráð eins og þörf krefur hverju sinni eða skipulagt samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni.”

Siglingastofnun telur eðlilegt að gæta samræmis í lagasetningu og að ekki sé tilefni til að taka upp nýtt ráð á sama tíma og verið er að leggja annað niður á sama vettvangi.

### Tilkynningar um bráðamengun

Siglingastofnun Íslands bendir á að í gildi eru **lög um vaktstöð siglinga nr. 41/2003** sem hafa það að markmiði m.a. að efla varnir gegn mengun sjávar. Vaktstöð siglinga á að taka á móti og miðla neyðarköllum frá skipum og **taka á móti tilkynningum** um óhöpp eða slys á sjó. Jafnframt á vaktstöð siglinga að **hafa samskipti við hafnir** sem Siglingastofnun Íslands hefur útnefnt sem **neyðarhafnir**. Skv. 8. gr. laganna eiga öll skip, sem siglinga inn í íslenska efnahagslögsögu, með hættulegan eða mengandi varning að **tilkynna um komu sína** til hafnar og veita tilteknar upplýsingar. Skv. 11. gr. laganna á skipstjóri skips að tilkynna vaktstöð siglinga um sérhvert óhapp eða slys **sem kann að valda mengun sjávar eða stranda Íslands**.

Siglingastofnun telur ekki rétt að kveða á um tilkynningarskyldu til ólíkra aðila í mörgum lögum og leggur til að 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði í samræmi við fyrrnefnd gildandi lög og verði svohljóðandi: “Tilkynna skal vaktstöð siglinga um sérhvert óhapp eða slys sem kann að valda mengun sjávar eða stranda Íslands. Vaktstöð siglinga upplýsir viðeigandi aðila skv. viðbragðsáætlun sem gera viðeigandi ráðstafanir skv. áætluninni.”

### Gerð viðbragðsáætlana


Skv. 20. gr. reglugerðar um vaktstöð siglinga nr. 672/2006 skal Siglingastofnun Íslands að höfðu samráði við Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun **gera áætlun** með hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands. Í 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003 er fjallað um **móttökuskyldu hafna** og þar kemur m.a. fram sú skylda sem hvílir á höfnum, sem teljast neyðarhafnir, að taka á móti skipum í sjávarháská.

Vegna þessara ákvæða var sérstökum starfshópi falið af þáverandi samgönguráðherra “að gera tillögu að áætlun um hvernig veita megj nauðstöddum skipum afdrep í höfnum (neyðarhafnir) eða neyðarafdrep á skyldum hafsvæðum. Í **niðurstöðum starfshópsins** koma m.a. fram tillögur um hvaða hafnir verði neyðarhafnir, hvar skipaafdrep verði, aðgerðaáætlun um neyðarhafnir og skipaafdrep, sértækan mengunarvarnabúnað vegna neyðarhafna og skipaafdrepa og kostnað vegna mengunarvarna sem hlýst af notkun hafnar sem neyðarhafnar. Í viðauka með niðurstöðum starfshópsins var birt drög að aðgerðaráætlun um neyðarhafnir og skipaafdrep.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að Umhverfisstofnun skuli sjá um gerð viðbragðsáætlana utan hafnar svæða í samstarfi við Landhelgisgæslu, Siglingastofnun Íslands og að höfðu samráði við ráðgjafaraðila. Er þetta sams konar áætlun og gert er ráð fyrir í reglum um vaktstöð siglinga og 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003?

Virðingarfyllst,

F.h. Siglingastofnunar Íslands,

  
Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 05. mars 2012  
UST20120200051

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.**

Vísað er í bréf frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar að því er varðar skipulag viðbragða vegna bráðamengunaróhappa innan hafnarsvæða. Umhverfisstofnun kom að undirbúningi frumvarpsins í samráði við Hafnarsamband Íslands að beiðni umhverfissráðuneytisins og því komið athugasemdum á framfæri á fyrri stigum.

Umhverfisstofnun lýsir ánægju sinni með breytingarnar sem frumvarpið felur í sér og væntir þess að þær skili sér í markvissari framkvæmd og skýrara hlutverki og ábyrgð hafna landsins. Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á því að með frumvarpinu eru lagðar nýjar skyldur á stofnunina sem ekki hafa verið til staðar áður.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnuninni er falið víðtækara hlutverk en áður sem m.a. lýsir sér í sér að stofnunin er yfirumsjónar- og samráðsaðili að því er varðar viðbragðsáætlanir hafna. Það felur í sér að senda skal stofnuninni áætlanirnar til samþykktar fyrir 1. mars ár hvert, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Að auki er Umhverfisstofnun falið í samráði við mengunarvarnarráð hafna stærra hlutverk við að ákveða uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins. Það felur í sér að Umhverfisstofnun þarf að halda utan um upplýsingar þar að lútandi, sbr. lokamálgrein 7. gr. frumvarpsins.

Við vinnslu frumvarpsins og breytingu á 19. gr. gildandi laga var lokamálsliður 2. mgr. um að Umhverfisstofnun tæki ákvörðun um uppbyggingu og endurnýjun búnaðar um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands felldur út. Landhelgisgæslan kom að máli við Umhverfisstofnun vegna þessa og taldi þá breytingu óæskilega. Umhverfisstofnun hefur farið yfir athugasemdir Landhelgisgæslunnar og tekur undir þær. Því telur stofnunin rétt að bætt verði aftan við nýja 2. mgr. 19. gr. laganna [*...og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.*].

Umhverfisstofnun gerir að auki athugasemd varðandi yfirskrift nýrrar greinar 13. gr. a, „*Tilkynningar um bráðamengun*“. Stofnunin leggur til að bætt verði aftan við yfirskriftina „*og mengunaróhöpp*“ þar sem greinin nær einnig til mengunaróhappa á landi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti.

Virðingarfyllst

---

Svanfríður Dóra Karlsdóttir